

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ættarminningarsjóð Halldóru Ólafs“, 49
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febr. 1950. 21. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Ættarminningarsjóðs Halldóru Ólafs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ættarminningarsjóður Halldóru Ólafs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt arfleðsluskrá Halldóru Ólafs, kaupkonu, dags. 1. júní 1918, af eftirlátnum eignum hennar, að nafnverði kr. 677421.21. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og ber að ávaxta eignir hans á sama hátt og fé ómyndugra.

3. gr.

Tekjum sjóðsins skal ráðstafa þannig:

- a. $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hlutinn — leggist jafnan við höfuðstólinn, og fer um ávöxtun þess hluta á sama hátt og ávöxtun höfuðstólsins, sbr. 2. gr.
- b. $\frac{1}{2}$ — helmingur — vaxtanna skal skiptast árlega milli tveggja nánustu ættingja Halldóru Ólafs, sem elztir eru, og skulu hálf systkini hennar og afkomendur þeirra hafa jafnan rétt og alsystkini og afkomendur þeirra. Sjóðstjórninni er og heimilt ætíð þegar sjóðurinn nemur yfir hálfri milljón króna að úthluta 3 elztu og nánustu ættingjum hennar þessum hluta af tekjum sjóðsins, og nemi hann einni milljón eða meira má úthluta 4 nánustu og elztu ættingjum hennar þessum hluta teknanna, en fleirum en 4 á ári skal aldrei úthluta þessum tekjum sjóðsins.
- c. $\frac{1}{8}$ — einn áttundi — hluti teknanna skal árlega ganga til styrktar kvenmanni, er stundar nám í Verzlunarskóla í Reykjavík eða erlendis, og skal sá umsækjandi ganga fyrir, sem er úr Reykjavík og þykir að öðru leyti verðugur sökum gáfna, siðgæðis og efnahags. Þegar þessi hluti vaxtanna nemur meiru en kr. 500.00, má veita fleirum styrk þennan eftir sömu reglum, þó þannig, að sú, er verðugust er talin, fái eigi minni styrk á ári en kr. 500.00.
- d. $\frac{1}{8}$ — einn áttundi — hluti teknanna skal árlega ganga til einhvers ættingja Halldóru Ólafs til styrktar þeim við nám eða til framfærslu, og ákveður stjórn sjóðsins hver sé verðugastur þessa styrks og ákveður fjárhæðina í hvert sinn. Ef eigi verður eitthvert árið úthlutað þeim hluta teknanna, sem úthluta má samkvæmt því, er segir hér á undan, skal það, sem afgangur verður, leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð borgarfégetanum og borgarstjóranum í Reykjavík eða þeim stjórnarvöldum, sem koma í þeirra stað, og einum ættingja Halldóru Ólafs, karli eða konu, sem þeir tilnefna til ákveðins tíma.

5. gr.

Allur kostnaður við stjórn sjóðsins og úthlutun greiðist af árlegum tekjum hans óskiptum eftir því, sem stjórnin ákveður í hvert sinn.

49

6. gr.

21. febr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. apríl til 31. marz, og skal úthlutun úr honum fara fram 21. maí ár hvert.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. des. 1949.

Gunnar Thoroddsen. Björn Ólafs. Kr. Kristjánsson.

50

REGLUGERÐ

1. marz

um bann við dragnótaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu, frá Ritstá að Straumnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. marz 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

51

AUGLÝSING

25. marz

um breyting á samþykktum fyrir Sparisjóð Svarfdæla í Eyjafjarðarsýslu, nr. 228 18. des. 1943.

1. gr.

1. gr. samþykktanna orðist svo:

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svarfdæla. Heimili hans og varnarþing skal vera í Dalvíkur- eða Svarfaðardalshreppi.

2. gr.

Í stað „Svarfaðardalshrepps“ í 12. gr. komi: Dalvíkur- og Svarfaðardalshreppa.

Framanritaðar breytingar á samþykktum Sparisjóðs Svarfdæla staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 25. marz 1950.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.